

Afstöðumynd
1 : 500

Byggingarlýsing

Almenn lýsing

Á lóðinni Nónhamar 8 landr. 229952 er fyrirhugað að reisa 4 hæða fjölbýlishús með 20 íbúðum.

Húsið eru hannað á grundvelli algildrar hönnunar og hönnuður telur að hægt sé að uppfylla allar stærðarkröfur fyrir áætlaðan íbúafjölda. Í öllum íbúðum er hægt að uppfylla skilyrði um algilda hönnun með einföldum breytingum, s.s. með færslu léttra veggja, breyttum
innréttingum og skápum, breytt opnun hurða o.þ.h. Baðherbergi eru með færanlegum innréttingum og þrepalausu sturtuaðstöðu.

Á jarðhæð við aðalinngang er komið fyrir póstkössum með neðri brún 100 sm
frá yfirborði jarðar samkvæmt ákvæðum BR. gr. 6.13.1.

Aðgengi að húsinu fyrir akandi og gangandi umferð ásamt slökkviliðs/viðbragðsaðilum er frá Nónhamar að bílastæðum og einnig hefur gangandi umferð aðgengi frá Ásvallarbraut. Frágangur lóðar á lóðarmörkum er framkvæmdur í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Vísað er til greinargerðar aðalhönnuðar.

Sorp;

Útreikningur: 20 íbúðir * 240 ltr tunna = 4,8 m³
Niðurstaða :

Almennt/Plast Sorp	1 X	5 m³
Pappír	1 X	5 m³

Plast er flokkað í sértæka poka í almennt sorp skv. flokkunarkerfi Hafnarfjarðar.
Djúpgámar eru staðsettir sunnamegin við hús, staðsettir skv. deiliskipulagi

Helstu stærðir og nýtingarhlutfall

Hús	Flatarmál m²	Rúmmál m³	Lóðarstærð m²	Nýtingarhlutfall
Nónhamar 8				
Mhl. 01	1658,4	4930,5		
Mhl. 02	13,2	37,4		
Mhl. 03 (Djúpgámar)	7,2	22,1		
Samtals	1678,8	4990,0	1541,2	1.09

Bílastæði og bílastæðabókahald
Gera skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði samkvæmt ákvæðum BR. gr. 6.7.1.
Bílastæðakrafa er 21 x 1 = 21 bílastæð þar af 2 bílastæði fyrir hreyfihamlaða.
Bílastæði eru : 21 stæði þar af 1 bílastæði fyrir fatlaða.
Snjóbræðsla skal vera frá bílastæði hreyfihamlaða og að anddyri.

Burðarvirki
Sökklar og botnplata ,útveggir, berandi innveggir, milligólf, þakplata og svalargólf eru staðsteypt með jármbentri steinsteypu. Stigi á milli hæða er forsteyptur.

Útveggir
Útveggir eru einangraðir að utan með steinull og klæddir með álklæðningu steingrái að hluta til og hvítri að hluta til, sem er fest á viðurkennt festingarkerfi. Að innanverðu eru veggir sandspartlaðir. Gæta skal að loftþéil milli einangrunar og veggjaklæðningar er a.m.k. 20 mm.

Þakvirki
Frágangur þakplötu er með viðsnúnu þaki, þar sem þakplatan er rakavarin með heilbræddum pappalögum og einangruð með XPS plasteinangrun með drenn rásum. Einangrun er varin með vatnsvarmadúk sem festur er niður með harpaðri þakmöl, kornastærð 60-80 mm .

Hjólageymsla, Mhl02
Hjólageymsla er óupphituð.
Burðarvirki, sökklar og botnplata er staðsteypt. Útveggir og þakvirki eru úr timbri.
Þak er afstifað með timburborðum og klætt með báraðri málmklæðningu.
Útveggir eru afstífaðir með krossvið og klæddir (klæðning í flokki 1) með viroc plötum ásamt þakkanti. Loftun skal vera min 20 mm milli veggs og klæðningar.

Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf.
Einangrun er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112

U-gildi byggingarhluta	W/m²K	Einangrunnarþykkt	Gerð
U-gildi Útveggja	0,34 W/m²K	100 mm	Steinull
U-gildi Glugga	1,50 W/m²K		Timbur/Ál
U-gildi Hurða	1,80 W/m²K		Timbur/Ál
U-gildi Botnplata	0,24 W/m²K	100 mm	Plasteinangrunn
U-gildi Viðsnúið	0,18 W/m²K	200 mm	Plasteinangrunn(XPS)

Landnúmer: 229952
Staðgreinir:1400-1-

Nónhamar 8
Hafnarfjörður

Skrásetjari KRark
Dagsetning: 29.04.2021

ORKURAMMI — Nafn VÞS

Reiknað varmatap húss

	Þykkt einangr. mm	ΔT 35 m2	ΔT	W/m2°K	W	W/K
Steypt klætt ein/úti	100	914,0	35	31990	0,34	10877 310,76
Gluggar		214,4	35	7502,6	1,50	11254 321,54
Hurðir		110,4	35	3864	1,80	6955 198,72
Þak steypt/fjara/XPS	200	377,0	35	13195	0,18	2375 67,86
Gólf á fyllingu	100	377,0	25	9425	0,24	2262 64,63
						33723 963,51
Kuldabrýr						
Lár kuldabr. Við þakplötu			35		0,83	
Lár kuldabr. Við plötuskil			35		0,83	
Loðr. Kuldabr. Við útv/innv.		11,0	35	385	0,83	320 9,13
Kuldabr. Við svalir		163,0	35	5705	0,83	4735 135,29
Kuldabr. Við glugga		649,2	35	22722	0,04	909 25,97
Kuldabr. Við hurðir		316,8	35	11088	0,04	444 12,67
Sökkull undir útvegg		99,0	35	3255	0,48	1562 44,64
Sökkull undir innvegg		85,0	25	2125	0,46	978 27,93
						8947 255,63
Heildarvarmatap		Í LAGI				42670 W
Vegið meðaltal útveggir/glugga/hurðir			Í LAGI			0,67 W/m2°K
		Fermetrar húss				1660,00
Heildarvarmatap á fermetra húss						0,73 W/m2°C

Kröfur byggingarreglugerðar

Reiknað varmatap húss	m2	ΔT	W/m2°K	W
Steypt klætt ein/úti	914,0	35	31990	0,40 12796
				0,40
Gluggar	214,4	35	7502,6	2,00 15000
Hurðir	110,4	35	3864	3,00 11592
Þak steypt/fjara/XPS	377	35	13195	0,20 2639
		35		0,30
Gólf á fyllingu	377	25	9425	0,30 2828
		15		0,30
Færist á aðaltölunlingu				
	U W/m²/K	Einangr. mm	Orkurammi	W 44356
Steypt klætt ein/úti	0,34	100	Heildar varmatap á fermetra hús	
Gluggar	1,50		0,73 W/m2°C	
Hurðir	1,80			
Þak steypt/fjara/XPS	0,18	200		
Gólf á fyllingu	0,24	100		
	44860 W		Kröfur byggingarreglugerðar	
	0,85 W		Kröfur byggingarreglugerðar	
			Krafa/Raun≥100	105,13 %

Lyftur
Lyfta skal hafa innanmál 1,10 X 2,10 m og burðargeta að lágmarki 1000 kg. Hindrunalaust svæði fyrir framan lyftu skal vera 2.0 m skv. 6.4.12. gr. í BR

Handrið
Svalarhandrið á sérsvölum eru úr málmprófílum og klædd með samlímdu öryggisgleri, svalarhandrið á svalargöngum eru úr lóðréttum stálprófílu 120 sm á hæð. Hæð öryggisglers yfir svalargólfi er að minnsta kosti 80 sm og hæð svalarhandriðs er 120 sm. Handrið stigagangs er 90 sm og er samfelld upp og niður, millibil rimmla skal ekki vera meiri en 89 mm sbr. BR 6.5.2. gr. og 6.5.3. er varða frágangs handriða.

Innanhúsfrágangur
Léttir veggir eru úr blikk grind með tvöfald lag af gifsi beggja vegna. Innihurðar ; Umferðarbreidd innhurða eru 80 X 200 sm og eru þröskuldarlausar.

Gluggar og útihurðir
Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir úr timbri /áli og glerjaðir með tvöföldu K-gleri.
Útihurðar eru úr timbri. Þarsem gler Glugga/Hurða nná niður fyrir 60 sm er krafa um öryggisgler.
Hurðir frá stigahúsi að svalargöngum skulu vera með opnanlegum rafbúnaði.

Lagnir
Húsið er upphitað með hefðbundinni ofnalögn. Neysluvatns og þrifalagnir eru plastlagnir. Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn og er hann staðsettur við inntak í húsið. Hitastig er hámark 60°C til 65°C. Allar lagnir eru leiddar um lagnastokka niður í grunnlagnakerfi hússins. Í öllum votrýmum skal koma fyrir gólfniðurföllum.

Loftræsting
Húsið er loftað með náttúrulegri loftræstingu opnun glugga og hurða. Í aflokuðum gluggalausum rýmum og eldhúsum verður vélknúin loftræsting.

HLJÓÐVIST
Hönnun byggingarinnar miðast að því að kröfur til hljóðvistar skilgreindar í flokki C í staðlínum ÍST 45 séu uppfylltar, eins og kveðið er á um í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Er þar m.a. gerð krafa um að hljóðeinangrun innbyrðis á milli íbúða sé að lágmarki R'_w = 55 dB. Þessar kröfur verða almennt uppfylltar með 200 mm steinsteyptum veggjum. Ekki er talið að sérstök hætta sé á truflun vegna umgangs á sameign og skal hljóðeinangrun milli íbúða og ganga uppfylla R'_w = 48 dB. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verði uppfylltar. Veggir lyftustokks eru hafðir sérstaklega þykkir, 250 mm, til þess að lágmarka hljóð frá lyftu.

Um hávaða frá umferð gildir einnig Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Hljóðstig utan við glugga er innan marka reglugerðarinnar en til þess að mæta kröfum vegna umferðarhávaða innanhúss er gerð krafa um hljóðeinangrun glugga. Þeir gluggar sem eru verst útsettir gagnvart hávaða, uppfylli $R_w + C_{tr}$ = 32 dB. Allir gluggar sem snúa út á svalaganga skulu hafa hljóðeinangrun R'_w = 42 dB að lágmarki. Aðrir gluggar íbúða uppfylli $R_w + C_{tr}$ = 30 dB.

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 21-290) í mai 2021 fyrir Nónhamar 8, Hafnarfjörður. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en um að ræða fjölbýlishús á fjórum hæðum.

Brunahólfun
Hver hæð er sér meginbrunahólf.
Íbúðir eru sér brunahólf með a.m.k. EI90 milli íbúða.
Stigahús og lyfta er sér brunahólf.
Stigahús er af gerðinni „stigahús 1" skv. byggingarreglugerð.
Inntök/hjól og vagnageymsla er sér brunahólf.
Lóðrétt lagnaskökt fyrir loftræsilagnir og aðrar lagnir eru a.m.k. EI60.
Val er um að brunaloka með öðrum lögnum en loftræsilögnum í láréttum skilum, a.m.k. EI90.

Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.

Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-d0).
Gólfefni í stigahúsi eru í flokki G (Dfl-s1).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-d0).
Frágangur þakplötu er með viðsnúnu þaki með rakavarinni pappalögn og einangruð með plasteinangrun sem er varin með dúk og þakmöl. Frágangur uppfyllir grein 9.6.10 í byggingarreglugerð.

Flóttaleiðir
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá íbúðum.
Önnur leiðin frá íbúðum á efri hæðum er út á svalir.
Biðsvæði fyrir fatlaða er í stigahúsi. Ekki er þörf á samskiptabúnaði sbr. leiðbeining HMS nr. 9.5.10.

Reykskynjarar
Reykskynjarar verða í íbúðum og tæknirými, a.m.k. einn fyrir hverja 80 m².

Loftræsikerfi
Gert er ráð fyrir að hver íbúð verði loftræst um sér loftræsirör og að sameiginlegur safnkassi reykræsist um útsogsop sem þarf að vera stærra (nettó op með blásara stopp) en rör frá hverri íbúð.

Reyklosun
Reykræsing frá stigahúsi er um opnanlega glugga á hverri hæð.
Reykræsing að öðru leyti er almennt um glugga og hurðir.

Slökkvitæki
Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í anddyri hverjar íbúðar og í tæknirými, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing verður 5 lux í stigahúsi og í tækni- og inntaksrými.
Útskilti (eftirlýst leiðarmerki) skulu vera við innganga og útgang í stigahúsi í samræmi við ISO 16069.

Aðkoma slökkviliðs
Reiknað er með því að björgun af svölum fari fram með körfubílum og léttum stigum þar sem körfubíllar komast ekki að svölum.
Ekki er þörf á stigleiðslu þar sem op í stiga er a.m.k 20 sm.

Samþykkt þann
09. JÚNÍ 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

Tákn

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

N

SHS
08.06.2021

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Hlíðasmári 19 - 2.hæð . 201 Kópavogur . Ísland
S. 564 2255 . Fax. 544 4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

Nónhamar 8
Hafnarfjörður

Landnúmer: 229952	Staðgreinir:

Fjölbýlishús

Afstöðumynd og byggingarlýsing

Aðaluppdrættir

Hönnun:	KR	Verknúmer:	21023IF
Verkfræðistjóri:	KR	Mælikvarði:	1 : 500
Teiknað:	VÞS	Dagsetning:	10.05.2021
Yfirfarið:	RCM	Blað:	Útgáfa:
Samþykkt: Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669		L101	

Copyright © KRark. Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum. Fjölföldun er með samþykki hönnuðar.

Plot: 10.05.2021
Save: 6/2/2021 1:33:01 PM
Skrá: BIM 360://21023IF-Nónhamar 8 Haff/21023IF-Nónhamar 8 Haf.rvt
A1